

Þriðji orkupakki ESB

Tenglasafn

Tenglasafnið er einnig á innri vef þar sem hægt er að smella á hlekkina sem eru í textanum.

Þriðji orkupakkinn

Tillaga til þingsályktunar um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar, nr. 93/2017, um breytingu á IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn (þriðji orkupakkinn).

Þriðji orkupakkinn er safn ESB-gerða sem varða innri markað fyrir raforku og gas innan ESB. ESB samþykkti gerðirnar í júlí 2009 og öðluðust þær gildi í september sama ár. Um er að ræða tvær tilskipanir og þrjár reglugerðir sem varða viðskipti með raforku og jarðgas og stofnun Samstarfsstofnunar eftirlitsaðila á orkumarkaði (e. Agency for the Cooperation of Energy Regulators, ACER). Þá er í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar að finna reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 543/2013 frá 14. júní 2013 um afhendingu og birtingu gagna á raforkumörkuðum og tvær ákvarðanir framkvæmdastjórnarinnar frá árunum 2010 og 2012 sem breyta viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 715/2009 um skilyrði fyrir aðgangi að flutningskerfum fyrir jarðgas.

Þingsályktunartillagan inniheldur eftirfarandi gerðir:

- Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. [713/2009](#) frá 13. júlí 2009 um að koma á fót Samstarfsstofnun eftirlitsaðila á orkumarkaði.
- Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. [714/2009](#) frá 13. júlí 2009 um skilyrði fyrir aðgangi að neti fyrir raforkuviðskipti yfir landamæri og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. [1228/2003](#).
- Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. [715/2009](#) frá 13. júlí 2009 um skilyrði fyrir aðgangi að flutningskerfum fyrir jarðgas og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. [1775/2005](#).
- Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. [543/2013](#) frá 14. júní 2013 um afhendingu og birtingu gagna á raforkumörkuðum og um breytingu á I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. [714/2009](#).
- Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins [2009/72/EB](#) frá 13. júlí 2009 um sameiginlegar reglur um innri markaðinn fyrir raforku og um niðurfellingu tilskipunar [2003/54/EB](#).

- Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins [2009/73/EB](#) frá 13. júlí 2009 um sameiginlegar reglur um innri markaðinn fyrir jarðgas og um niðurfellingu á tilskipun [2003/55/EB](#).
- Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar [2010/685/ESB](#) frá 10. nóvember 2010 um breytingu á 3. kafla I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. [715/2009](#) um skilyrði fyrir aðgangi að flutningskerfum fyrir jarðgas.
- Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar [2012/490/ESB](#) frá 24. ágúst 2012 um breytingu á I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. [715/2009](#) um skilyrði fyrir aðgangi að flutningskerfum fyrir jarðgas.

Fylgiskjöl með þingsályktunartillögum:

- [Bréf til utanríkisráðherra frá utanríkismálanefnd Alþingis](#) (20.09.2016), um lok 2. gr. ferlis og álit atvinnuveganefndar Alþingis (23.10.2014) og álit stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis (27.11.2014).
- [Minnisblöð frá utanríkisráðuneyti](#) til utanríkismálanefndar Alþingis í samráðsferli á grundvelli reglna Alþingis um þinglega meðferð EES-mála.
- [Minnisblöð frá iðnaðarráðuneyti og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti](#) til þingnefnda Alþingis í samráðsferli á grundvelli reglna Alþingis um þinglega meðferð EES-mála/frá aðildarviðræðum Íslands við ESB.
- [Minnisblað Davíðs Þórs Björgvinssonar](#), varaforseta Landsréttar, til utanríkisráðuneytisins.
- [Álitsgerð Skúla Magnússonar](#), dósentis við lagadeild Háskóla Íslands, fyrir utanríkisráðuneytið.
- [Álitsgerð Friðriks Árna Friðrikssonar Hirst, lögmanns, og Stefáns Más Stefánssonar](#), prófessors við lagadeild Háskóla Íslands, fyrir utanríkisráðuneytið.

Frumvarp til laga um breytingu á raforkulögum og lögum um Orkustofnun (EES-reglur, viðurlagaákvæði).

- Lagðar eru til nokkrar breytingar á raforkulögum, nr. [65/2003](#), sem rekja má til innleiðingar þriðju raforkutilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/72/EB um sameiginlegar reglur um innri markaðinn fyrir raforku. Efnislega lúta breytingarnar fyrst og fremst að sjálfstæði raforkueftirlits Orkustofnunar.
- [Samantekt](#) rannsóknþjónustu Alþingis um frumvarpið.

Frumvarp til laga um breytingu á raforkulögum, nr. 65/2003, með síðari breytingum (tilvísun í stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku).

- Lagt er til að við III. kafla raforkulaga, nr. 65/2003, verði bætt nýju ákvæði þess efnis að um tengingu raforkukerfis landsins við raforkukerfi annars lands í gegnum sæstreng fari samkvæmt stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku.
- Samantekt rannsóknþjónustu Alþingis um frumvarpið.

Tillaga til þingsályktunar um breytingu á þingsályktun nr. 26/148, um stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku.

- Lagt er til að bætt verði við nýjum tölulið við A-lið þingsályktunarinnar þess efnis að ekki verði ráðist í tengingu raforkukerfis landsins við raforkukerfi annars lands í gegnum sæstreng nema að undangengnu samþykki Alþingis.

Annað efni:

- Greinargerð Birgis Tjörva Péturssonar, lögmanns, fyrir ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra.
- Minnisblað Ólafs Jóhannesar Einarssonar, lögmanns, til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins.
- Álitsgerð Carls Baudenbachers, ráðgjafa og fyrrv. forseta EFTA-dómstólsins, fyrir utanríkisráðuneytið.
 - Samantekt á álitsgerð Baudenbachers.
- Álitsgerð Alþjóða- og Evrópuréttarstofnunar Háskólans í Reykjavík.
- Glærur Kristínar Haraldsdóttur, lektors við Háskólann í Reykjavík, á málfundi í Háskólanum í Reykjavík.
- Grein Rögnu Árnadóttur, lögfræðings og aðstoðarforstjóra Landsvirkjunar, í Úlfhljóti.
- Skýrsla Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands um áhrif annars orkupakkans, þ.e.a.s. aðskilnaði sérleyfis- og samkeppnishluta raforkumarkaðarins.
- Umfjöllun Viðskiptablaðsins um samkeppni í raforkusölu til almennra neytenda.
- Sameiginleg fréttatilkynning íslenskra stjórnvalda og ESB um sameiginlegan skilning um gildi þriðja orkupakkans gagnvart Íslandi.

Fyrsti orkupakkinn

Fyrsti orkupakkinn (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins [96/92/EB](#) frá 19. desember 1996 um sameiginlegar reglur um innri markað á sviði raforku) var innleiddur hér á landi árið 2003. Hann varð hluti EES-samningsins með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar, nr. [168/1999](#), frá 26. nóvember 1999, og var innleiddur í íslenskan rétt með setningu raforkulaga, nr. [65/2003](#). Samkvæmt innleiðingu fyrsta orkupakkans í raforkulög skyldi vinnsla og sala raforku rekin í markaðskerfi á samkeppnisgrundvelli. Samhliða því voru settar reglur um starfsemi fyrirtækja sem önnuðust flutning og dreifingu raforku í því skyni að stuðla að samkeppni og vernda hagsmuni neytenda. Um leið og lögín tóku gildi tók uppbygging raforkumarkaðar á Íslandi mið af reglum EES-svæðisins og um leið innri markaðs ESB.

Annar orkupakkinn

Undirbúningur að öðrum orkupakkanum hófst um svipað leyti og fyrsti orkupakkinn var innleiddur í landsrétt. Sameiginlega EES-nefndin tók ákvörðun um upptöku annars orkupakkans í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar, nr. [146/2005](#), frá 2. desember 2005. Samkvæmt aðlögunartexta í ákvörðun nefndarinnar var Ísland skilgreint sem „lítið einangrað raforkukerfi“ og gat sem slíkt sótt um undanþágur frá ákveðnum greinum annarrar raforkutilskipunar ESB (varðandi aðskilnað dreifingar frá framleiðslu og sölu raforku) eftir því sem ástæða væri talin til. Stjórnvöld hafa hingað til ekki nýtt þessar undanþáguheimildir. Í framhaldi af ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar voru gerðar breytingar á raforkulögum með lögum nr. [58/2008](#). Reglur annars orkupakkans varða meðal annars aðskilnað dreifiveitu frá framleiðslu og sölu raforku, bann við niðurgreiðslu úr sérleyfisstarfsemi í samkeppnisstarfsemi, eftirlit, viðurlagaheimildir o.fl. Með lögum nr. 58/2008 var, með breytingartillögu í meðförum Alþingis, gengið lengra í innleiðingu annars orkupakkans með því að kveða á um fyrirtækjaaðskilnað dreifiveitna og sölufyrirtækja sem þjónuðu 10.000 notendum eða fleiri á dreifiveitusvæðinu en í raforkutilskipuninni var gerð krafa um 100.000 notendur.

Fjórði orkupakkinn

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins lagði í nóvember 2016 fram [tillögur að nýrri löggjöf á sviði orkumála](#) undir yfirskriftinni „hrein orka fyrir alla Evrópuþúa“ (e. Clean Energy for All Europeans). Þessi fjórði orkupakki felur í sér endurskoðun löggjafar á sviði orkumála og er samtals átta gerðir á eftirfarandi sviðum: orkusparnaður, orkunýtni bygginga, endurnýjanleg orka og raforkumarkaður, þ.m.t. fjórða raforkutilskipun ESB og reglugerðin um Samstarfsstofnun eftirlitsaðila á orkumarkaði:

- Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) [2018/844](#) frá 30. maí 2018 um breytingu á tilskipun [2010/31/ESB](#) um orkunýtingu bygginga og tilskipun [2012/27/ESB](#) um orkunýtni.
- Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) [2018/2001](#) frá 11. desember 2018 um að auka notkun orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum.
- Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) [2018/2002](#) frá 11. desember 2018 um breytingu á tilskipun [2012/27/ESB](#) um orkunýtni.
- Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. [2018/1999](#) frá 11. desember 2018 um stjórnun orkusambandsins og loftslagsgerða, um breytingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. [663/2009](#) og (EB) nr. [715/2009](#), tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins [94/22/EB](#), [98/70/EB](#), [2009/31/EB](#), [2009/73/EB](#), [2010/31/ESB](#),

[2012/27/ESB](#) og [2013/30/ESB](#), tilskipunum ráðsins [2009/119/EB](#) og (ESB) [2015/652](#) og niðurfellingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. [525/2013](#).

- Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. [2019/941](#) frá 5. júní 2019 um áhættuviðbúnað í raforkugeiranum og niðurfellingu tilskipunar [2005/89/EB](#).
- Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. [2019/942](#) frá 5. júní 2019 um stofnun Evrópusambandsstofnunar um samvinnu eftirlitsaðila á orkumarkaði.
- Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. [2019/943](#) frá 5. júní 2019 um innri markaðinn fyrir raforku.
- Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) [2019/944](#) frá 5. júní 2019 um sameiginlegar reglur um innri markaðinn fyrir raforku og um breytingu á tilskipun [2012/27/ESB](#).

[Upplýsingasíða um ýmis orkumálefni í ESB.](#)